



## Austurhluti Cerberus Fossae

Hér sést hluti Cerberus Fossa, sprungukerfi á Elysium Planitia, rétt norðan miðbaugs á Mars. Sprungukerfið er skammt frá Athabasca Valles, sem er litlu austar, og tengist raunar myndun þess. Sprungurnar hafa myndast við jarðsig eða hrún sem talið er tengjast eldvirkni og tektónískum ferlum.